

## Svar

**sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn  
frá Höllu Signýju Kristjánsdóttur um burðarþolsmat  
fjarða og hafsvæða fyrir fiskeldi.**

1. *Hvaða firðir og hafsvæði hafa þegar verið burðarþolsmetin, sbr. lög um fiskeldi, nr. 71/2008, og hvert er burðarþol hvers og eins þeirra? Svar óskast sundurliðað eftir fjörðum og hafsvæðum.*

Mat á burðarþoli hefur farið fram á eftirtöldum fjörðum og hafsvæðum:

Útgáfuár	Svæði	Tonn
2015	Arnarfjörður	20.000
2015	Dýrafjörður	10.000
2015	Patreksfjörður, Tálknafjörður og Patreksfjarðarflói	20.000
2016	Berufjörður	10.000
2016	Fáskrúðsfjörður	15.000
2016	Reyðarfjörður	20.000
2017	Ísafjarðardjúp	30.000
2017	Stöðvarfjörður	7.000
2018	Seyðisfjörður	10.000
2018	Önundarfjörður	2.500
<b>Samtals 2015–2018</b>		<b>144.500</b>

2. *Er unnið að burðarþolsmati á fleiri fjörðum og hafsvæðum? Ef svo er, hverjum og hvenær má vænta niðurstöðu?*

Nei, Hafrannsóknastofnun hefur þó stundað ýmsar mælingar og sinnt gagnsöfnun í fjörðum og á hafsvæðum sem nýtast við burðarþolsmat.

3. *Hefur ráðherra ákveðið hvaða firði og hafsvæði skuli meta til burðarþols og hvenær það skuli gert, sbr. 6. gr. b laga um fiskeldi?*

Ráðherra hefur ekki tekið ákvörðun um að láta fara fram mat á burðarþoli fjarða og hafsvæða eftir gildistöku laga nr. 101/2019, um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi.